

**635. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 23. apríl 2024
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Marinó Bjarnason (MB), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Á 16. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 16.04.2024 var tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að Aðalskipulagi Tálknafjarðarhepps 2019-2039. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 10. apríl 2024. Fyrir liggur greinargerð, umhverfisskýrsla og forsendur dagsett í nóvember og sveitarfélagsuppdráttur, þéttbýlisuppdráttur af Tálknafirði en leiðrétt mt.t.t. athugasemda Skipulagsstofnunar í mars 2024. Til viðbótar liggur fyrir samantekt við innsendum athugasemdum og umsögnum sem bárust við tillöguna.

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 leggur skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að aðalskipulagið verði samþykkt og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna, ásamt athugasemdum um tillöguna og svörum skipulagsnefndar.

Með vísan til 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps með fjórum atkvæðum tillögu að aðalskipulagi Tálknafjarðarhepps 2019-2039 og felur skipulagsfulltrúa afgreiðslu sbr. fyrrnefnda lagagrein.

MB situr hjá við afgreiðslu málsins.

MB gerir athugasemd við afgreiðslu aðalskipulagsins á 16. fundi skipulagsnefndar þar sem varamaður var ekki kallaður til er aðalmaður vék af fundi vegna vanhæfis á meðan athugasemd frá Tungusilungi var tekin fyrir.

2. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Á 16. fundi skipulagsnefndar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 16.04.2024 var tekin fyrir eftir auglýsingu tillaga að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis á Tálknafirði. Tillagan var auglýst með athugasemdafresti til 12. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi en fyrir liggja umsagnir frá Orkubúi Vestfjarða, slökkviliði Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Minjastofnun Íslands. Umsagnir leiddu ekki til breytinga á skipulagsgögnum fyrir utan umsögn Minjastofnunar en skráning fornminja liggur ekki fyrir. Senda þarf því tillöguna aftur til Minjastofnunar til umsagnar þegar skráningin liggur fyrir. Einnig verður bætt við lóð fyrir spennistöð sem er með skilgreindan byggingarreit.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði afgreidd skv. 1. mgr. 42 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um jákvæða umsögn Minjastofnunar.

*Með vísan til 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkir sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps með fjórum atkvæðum tillögu að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis og felur skipulagsfulltrúa afgreiðslu sbr. fyrrnefnda lagagrein.
MB situr hjá.*

3. Viðauki við samning um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða - 2404183

Lagður fram til staðfestingar viðauki við samning milli Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Strandabyggðar, Súðavíkurhrepps, Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar annars vegar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis hins vegar um rekstur Náttúrustofu Vestfjarða þannig að í stað þess að samningurinn renni út í árslok 2023 renni hann út í árslok 2024.

Framlagður viðauki er samþykktur samhljóða.

4. Lýsing Svæðisskipulags Vestfjarða - 2404136

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 05.04.2024 þar sem skipulags- og matslýsing Svæðisskipulags Vestfjarða er lögð fyrir sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps með beiðni um afgreiðslu.

*Skipulags- og matslýsing Svæðisskipulags Vestfjarða er samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum.
MB situr hjá.*

5. Fræðslunefnd - 18 - 2404006F

Fundargerð 18. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 15.04.2024.

Fundargerðin er staðfest.

5.1 2404153 - Námsstefna Tálknafjarðarskóla

5.2 2404121 - Endurskoðun greinasviða aðalnámskrá grunnskóla

5.3 2403071 - Hljóðvist í skólum

5.4 2309035 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2023-2024

5.5 2404110 - Skólastjóri Tálknafjarðarskóla

6. Skipulagsnefnd - 16 - 2404007F

Fundargerð 16. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.04.2024.

*Fundargerðin er staðfest með fjórum greiddum atkvæðum.
MB situr hjá.*

6.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2039

6.2 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði

7. Íþrótt-, menningar- og æskulýðsnefnd - 17 - 2404008F

Fundargerð 17. fundar íþrótt- menningar- og æskulýðsnefndar sem fór fram

18.04.2024.

*Fundargerðin er staðfest með fjórum atkvæðum.
MB situr hjá.*

7.1 2404164 - Vinnuskóli 2024

7.2 2404165 - Íþróttamiðstöð sumarið 2024

7.3 2403100 - Farsældarþing 2023

8. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 612003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál - 2404135

Sameiginleg umsögn bæjarstjóra Vesturbyggðar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps dags. 15.04.2024 um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum.

Lagt fram.

9. Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2023 - 2404139

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2023 staðfestur af stjórn 27.03.2024.

Lagt fram.

10. Aðalfundur Landskerfis bókasafna 2024 - 2404169

Erindi frá Landskerfi bókasafna hf. dags. 15.04.2024 þar sem boðað er til aðalfundar sem fer fram í Reykjavík 07.05.2024.

Lagt fram.

11. Orlof húsmæðra - 2404161

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 15.04.2024 varðandi framlag sveitarfélaga til orlofsnefnda.

Lagt fram.

12. Til umsagnar frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku) - 2404175

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 19.04.2024 þar sem sent er til umsagnar frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

Lagt fram.

13. Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál - 2404176

Erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 19.04.2024 þar sem sent er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál.

Lagt fram.

14. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2312027

Fundargerð 6. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 08.04.2024.

Lagt fram.

15. Fundargerðir velferðarráðs 2024 - 2404112

Fundargerð 49. fundar velferðarráðs sem fór fram 25.01.2024.

Lagt fram.

16. Þinggerð 69. Fjórðungshings Vestfirðinga að vori. - 2404173

Þinggerð 69. Fjórðungshings Vestfirðinga að vori sem fór fram á Ísafirði 10.04.2024.

Lagt fram.

17. Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2024 - 2402075

Fundargerð 147. fundar í Heilbrigðisnefnd Vestfjarðasvæðis sem fór fram 18.04.2024 ásamt ársskýrslu Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis 2023.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Vestfjarðarstofu 2024 - 2402065

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga sem fór fram 27.03.2024.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Marínó Bjarnason (MB)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ)